

## Fundargerð stjórnar BÍS 05/2013.

miðvikudaginn 13. mars 2013 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

### Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Arnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, verkefnastjóri.

### Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna, notaði tækifærið og þakkaði þeim stjórnarmönnum sem láta munu af störfum á Skátapiingi fyrir samstarfið.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykktar voru fundargerðir 1-4 2013.
3. Umræða 1:
  - a. Undirbúningur fyrir Skátapiing: Undirbúningur gengur vel og útlit er fyrir góða þátttöku. Farið var yfir dagskrá þingsins.
  - b. Inntaka nýrra skátafélaga:
    - i. Skátafélagið Goðar, Þórshöfn. Stjórn leggur til við Skátapiing að veita félaginu inngöngu í BÍS.
    - ii. Skátafélagið Smiðjuhópurinn: Í ljósi sérstöðu félagsins var að loknum umræðum og skoðanaskiptum um ósk Smiðjuhópsins um fulla og óskerta aðild að Bandalagi íslenskra skáta samþykkt samhljóða að stjórn bæri málið hlutlaust upp á Skátapiingi og fæli það í vald þingsins að taka ákvörðunina.
  - c. Á réttri leið: Skátafélagið Ægisbúar hefur sótt um viðurkenninguna „Skátafélag á réttri leið“ og skilað gögnum sem því tengjast. Skátamiðstöðin hefur farið yfir gögnin og leggur til að viðurkenningin verði veitt. Samþykkt. Afhending mun fara fram á Skátapiingi að ósk Ægisbúa.
4. Umræða 2:
  - a. Landsmót skáta 2014:
    - i. Fríður Finna Sigurðardóttir og Páll Línberg Sigurðsson hafa óskað lausnar frá störfum: Samþykkt. Stjórn þakkar þeim störfin.
    - ii. Þema: Meirihluti fráfarandi mótsstjórnar leggur til að þema mótsins verði „Í takti við tímann“. Samþykkt.
    - iii. Mótsgjald: Fjárhagsáætlun sem HS kynnti á síðasta fundi stjórnar BÍS gerir ráð fyrir að mótsgjald verði kr. 54.000,- og EUR 350,- fyrir erlenda þátttakendur. Veittur verður afsláttur, kr. 5.000,- ef staðfestingargjald er greitt fyrir 15. janúar 2014.
    - iv. Samningur við Hamra: HS hefur gengið frá samningi við Hamra um leigugjald og þjónustu sem Hamrar munu veita LM-2014.
    - v. World Scout Moot 2017 vinnuhópur: JIB veitt heimild til þess að setja saman skammtíma vinnuhóp til að koma með tillögu að skipun mótsstjórnar WSM 2017, vinna hugmyndir að grunn undirbúningi og hugmyndir að fyrstu kynningu mótsins í samvinnu við Viðburðarstjóra BÍS.
  - b. Styrktarsjóður skáta: 7 umsóknir hafa borist. Kr. 126.000,- eru til úthlutunar skv. skipulagsskrá sjóðsins. Stjórn BÍS samþykkir að leggja til viðbótarframlag kr. 124.000,-, þannig að kr. 250.000,- verði til úthlutunar.

5. Mál til kynningar og bókunar:
  - a. Starfsyfirlit starfsmanna: Lá ekki frammi.
  - b. Fundargerð Æskulýðsvettvangsins: Lá frammi.
  - c. Aðalfundur Æskulýðsvettvangsins: Var haldinn 12. mars, fulltrúar BÍS: HS, JA og IH.
  - d. Aðalfundur Úlfjótsvatnsráðs: Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 12. mars.
  - e. Fundargerð Úlfjótsvatns: Lá frammi.
  - f. Erindi frá UMFÍ: Erindið fjallar um áskorun til ráðherra um að hafa skrifstofu Ungs fólks í Evrópu áfram í húsnaði UMFÍ. Stjórn BÍS hafnar erindinu.
  - g. Fagrað Æskulýðsvettvangsins um kynferðisbrot: HSG upplýsti að ráðið væri tekið til starfa.
6. Önnur mál:
  - a. Landsmót skáta 40+: Borist hefur kynning á Landsmóti skáta 40+ sem Smiðjuhópurinn hyggst halda á Úlfjótsvatni nú í sumar. Stjórn BÍS fagnar framtakinu og felur BB og HS að bjóða aðstandendum til fundar um málið.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði JA.